

Aukaaðalfundur Bergrisans bs. 2026

haldinn í fjarfundabúnaðinum Teams
þann 15. júní 2026 klukkan 13:00

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Bjarki R. Kristjánsson, skrifstofustjóri Bergrisans bs., bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aukaaðalfund Bergrisans bs. árið 2026.

Lagt til að Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, verði fundarstjóri og að Bjarki R. Kristjánsson riti fundargerð.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Skipun þriggja aðila í kjörbréfanefnd

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og lagði fundarstjóri til að í kjörbréfanefnd verði Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþingi ytra, sem formaður, Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppi, og Brynhildur Jónsdóttir, Árborg.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til kosninga.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

3. Kynning á Bergrisanum

Jóhanna Margrét Einarsdóttir kynnti Bergrisan almennt og Bjarki R. Kristjánsson kynnti fjármál og fjárhagsstöðu Bergrisans. Boðið var upp á spurningar að loknum erindunum.

4. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Eggert Valur Guðmundsson kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 46 fulltrúar af 62 og telst því fundurinn lögmætur.

5. Kosning stjórnar

Kosið er í stjórn til tveggja ára í senn og er stjórn byggðasamlagsins skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Bæjarstjóri Árborgar er sjálfkjörinn í stjórn en aðrir stjórnarmenn skulu koma frá hinum félagsþjónustusvæðunum, einn frá hverju svæði. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Fundarstjóri vakti athygli á því að aðeins væru karlmenn tilnefndir sem aðalmenn.

Aðalmenn:

- Bragi Bjarnason, Árborg, formaður
- Elliði Vignisson, Ölfus
- Eggert Valur Guðmundsson, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

- Ingimar Guðmundsson, Hveragerði
- Guðmundur Finnbogason, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillögur að aðalmönnum í stjórn upp til kosninga. Tillögur samþykktar með 44 greiddum atkvæðum og enginn á móti.

Varamenn:

- Linda Björk Hilmarsdóttir, Árborg
- Gestur Þór Kristjánsson, Ölfus
- Anton Kári Halldórsson, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
- María Rún Þorsteinsdóttir, Hveragerði
- Hulda Kristjánsdóttir, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillögur að varamönnum í stjórn upp til kosninga. Tillögur samþykktar með 44 greiddum atkvæðum og enginn á móti.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Engar tillögur bárust og því fellur þessi liður niður.

7. Önnur mál

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar og stjórnarformaður Bergrisans, vakti athygli á því að á stjórnarfundum fyrr um daginn hafði stjórn Bergrisans staðfest umsögn um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir. Í umsögninni eru gerðar verulegar athugasemdir við reglugerðardrögin, einkum að skilgreining á þeim hópi barna sem reglugerðin tekur til sé þrengd frá því sem kveðið er á um í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025. Drögin endurspegla ekki samkomulagið og getur það leitt til þess að börn sem hingað til hafa fallið undir viðurkennda skilgreiningu barna með fjölþættan vanda, þar á meðal fötluð börn, falli utan gildissviðs reglugerðarinnar óháð þjónustupörf.

Tekur fundurinn undir þessa ályktun stjórnar Bergrisans og beinir því til ríkisins að falla frá þessari breytingu og virða það samkomulag sem var gert milli ríkis og sveitarfélaga um þessi mál.

Fundi slitið kl. 13:48.